

## 1. fundur Landbúnaðarnefndar Hrunamannahrepps

1. fundur Landbúnaðarnefndar var haldinn 28.júlí 2022 í Bala kl. 15:00. Á fundinn mættu Björgvin Ólafsson, Kristín Magnúsdóttir, Páll Jóhannsson og Atli Geir Scheving.

Dagskrá fundarins:

1. Jafnað niður leitum.
  - a. Fé fór á afrétt frá 13. bæjum , gera má ráð fyrir að 3750 hausar ca. hafi farið á fjall þetta árið.
2. Heiðarsmölun: Formaður kynnti hugmynd af því að smala heiðarnar fimmtudaginn 8.sept samhliða því þegar féð rekið frá Tungufellsdal og niður í réttir. Rætt hefur verið fjallkóng um að fá smala til þess að fara í þetta verkefni og fékk góðan hljómgrunn, einnig hefur verið rætt við landeigendur sem hafa tekið þátt í heiðarsmalamenskunni og tóku allir vel í þetta.

Fundarmenn voru sammála um að prufa þetta fyrirkomulag þetta haustið og sjá hvernig reynist.

3. Eftirsafn, rætt var um eftirsafn síðasta árs, fyrirkomulagið hafi verið gott að skipta hópnum í tvo flokka til að byrja með og svo sameinast og smala saman fram, veðrið hafi leikið menn og konur grátt síðastliðið ár en ætti að halda sig við þetta fyrirkomulag aftur.
4. Fjallskilafundur, Fjallskilafundur verður haldinn 23. Ágúst kl. 20:00, fjáreigendur skili inn leitum 22 ágúst.

Fundi slitið kl 16:30